

SJÁVARÚTVEGS- OG LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTIÐ	
Skj. n.	10.7.2
Innk.	10. JÚLÍ 2008
Alm.	H6
SI.R	080910192
	Psj.

**BORGARFJARÐARHREPPUR**  
Hreppsstofu 720 Borgarfjörður  
Kt 480169-6549 Vsk 23085  
Sími 472 9999 Fax 472 9995

Borgarfirði 07.07.2008

Sjávarútvegs- og Landbúnaðarráðuneytið  
Skúlagötu 4  
150 Reykjavík


### Úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa í Borgarfjarðarhreppi á fiskveiðiarinu 2007/2008

Borgarfjarðarhreppur óskar eftir að við úthlutun byggðakvóta til báta í Borgarfjarðarhreppi verði vikið frá vinnsluskildu vegna eftirfarandi.

Á Borgarfirði er eingöngu unnin saltfiskur úr þorski yfir 2 kg. auk lítilsháttar handflökunar á ýsu og steinbít til harðfiskvinnslu. Nú þegar aflaheimildir hafa dregist saman í þorski, er þorskur yfir 2 kg. ekki lengur meirihluti aflans. Það er ýsa, steinbítur og smár þorskur sem er ísaður og seldur til vinnslu annarsstaðar. Aðkeyptur afli er einnig nýttur til vinnslujöfnunar.

Af þessari ástæðu munu vigtunar og ráðstöfunarskýrslur í mörgum tilfellum sína að minnihluti aflans hafi farið til vinnslu í hreppnum. Þetta á einkum við línuafli þar sem sótt er í ýsu og steinbít. Öll lína er handbeitt á Borgarfirði og línuveiðarnar því í sjálfu sér atvinnuskapandi, auk þess er allur afli slægður, ísaður og stærðarflokkaður á staðnum.

Fyrir Borgarfjarðarhrepp.

  
Jón Þórðarson  
Sveitarstjóri